

Nefndasvið Alþingis.
Velferðarnefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 141/828
komudagur 4.12.2012

nefndasvid@althingi.is

Undirritaður er beðin 26. nóvember 2012 að senda inn umsögn um frumvarp til laga um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda (þak á laun forsvarsmanna verkalýðsfélaga), 125. mál.

Fyrir hæstvirtu Alþingi liggur frumvarp til laga um breytingu á lögum um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, nr. 55/1980, með síðari breytingum. Flutningsmenn eru Margrét Tryggvadóttir, Þór Saari, Birgitta Jónsdóttir. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að hámarkslaun forsvarsmanns stéttarfélags eða samtaka stéttarfélaga skulu ekki vera hærri en þreföld lágmarkskjör í því félagi sem hann veitir forstöðu. Í greinargerð kemur m.a. fram: „*Flutningsmenn frumvarpsins telja mikilvægt að sett sé hámark á laun forsvarsmanna verkalýðsfélaga og hagsmunasamtaka launafólks. Að baki slíku hámarki eru rík sanngirnissjónarmið enda eru þessi laun greidd úr sameiginlegum sjóðum verkalýðsins. Með frumvarpinu væru sanningsfrelsi settar nokkrar skorður enda yrði ólöglegt að semja um hærri laun en nemur þreföldum lágmarkskjörum. Við ákvörðun þessa hámarks var þó gætt meðalhófs og ekki gengið of nærri sanningsfrelsi aðila.*

Flutningsmenn telja jafnframt rétt að vekja athygli á því að setning hámarks sem er á þennan hátt bundið lágmarkskjörum getur verið forsvarsmönnum mikilvægur hvati til að berjast fyrir bættum rétti félagsmanna þar sem hækkun lágmarkslauna getur leitt til beinnar hækkunar launa þeirra.“

Umræða um laun forsvarsmanna stéttarfélaga er alloft áberandi í fjölmiðalumræðunni, sérstaklega eftir gerð kjarasamninga. Þá er lægsti taxti kjarasamninga, strípuð daglaun unglunga, gjarnan borin saman við heildarlaun forsvarsmanns viðkomandi stéttarfélags. Þar er ekki tekið tillit aldurs- og reynsluálags. Launaflokkum vegna menntunar er sleppt. Auk þess er ekki tekið tillit til yfirvinnu, bakvaktarálags í frítíma, notkunar eigin bifreiðar og verkstjóraálags.

Forsvarsmaður stéttarfélags stýrir vinnustað, oft með tugum starfsmanna, auk þess að vera framkvæmdastjóri umgangsmikils rekstur. Hefur yfirumsjón með rekstri skrifstofu, réttindagæslu félagsmanna, afgreiðslu bóta í sjúkrasjóð, félagsstarfsemi og félagsfundi, samstarf við trúnaðarmenn á vinnustöðum (130 trúnaðarmenn í Rafiðnaðarsambandinu), vinnustaðafundi og umsjón með rekstri orlofskerfis viðkomandi félags.

Það er kjörin stjórn/miðstjórn semur um kaup og kjör við þann einstakling sem nær kjöri formanns. Formaður stéttarfélags er yfirleitt eini starfsmaðurinn, sem er félagslega kjörinn, aðrir starfsmenn eru ráðnir með venjubundnum hætti. Launakjör formanns eru því borinn upp á árlegum aðalfundi viðkomandi stéttarfélags. Í þeim tilfellum sem undirritaður þekkir til eru kjör allra starfsmanna stéttarfélaga, þar með talin formanns, í samræmi við ákvæði kjarasamninga viðkomandi stéttarfélags.

Flutningsmenn telja ástæðu til þess að setja lög um að laun forsvarsmanna stéttarfélaga geti ekki orðið hærri en sem nemur þreföldum umsömdum lágmarkskjörum í viðkomandi stéttarfélagi. Samkvæmt framansögðu þá er ljóst að forsvarsmenn stéttarfélaga eru á launum í samræmi við umsáminn lágmarkskjör. Í þessu frumvarpi er aftur á móti tillaga um að veita svigrúm til þess að þrefalda

núverandi laun forsvarsmanna stéttarfélaganna. Þann tíma sem ég var formaður í RSÍ var að jafnaði um þriðjungur félagsmanna með hærri heildarlaun en ég, ef þetta svigrúm sem flutningsmenn leggja til að hefði verið notað hefði ég verið langtekjuhæsti maður innan RSÍ. Það hefði einfaldlega ekki verið hlustað á kröfur í þá veru í stjórnnum sambandsins, því félagsmenn hefðu fellt þá sem hefði gert slíkan samning á næsta aðalfundi.

Í þeim samtökum sem ég starfa hjá hefur aldrei verið minnst á þörf þess að fá lög frá Alþingi um hvernig launakjörum starfsmanna sé háttað. Þessi kjör eru ákveðin við gerð kjarasamninga samtakanna í almennum kjarasamningum og engin tillaga hefur komið frá félagsmönnum um að breyta því.

Sé litið til ummæla sem flutningsmenn hafa viðhaft opinberlega um þessa tillögu, mætti ætla að þeir telji að verið sé að beina spjótum að starfandi forsvarsmönnum stéttarfélaganna, svo er ekki. Þetta frumvarp beinist gegn störfum stjórnar- og trúnaðarmanna. Það eru þeir sem sjá um ráðningarsamninga við starfandi forsvarsmenn stéttarfélaganna og bera þá samninga undir aðalfundi viðkomandi stéttarfélags þegar ársreikningar eru bornir upp.

Þetta frumvarp er því algjörlega óþarft, skapar reyndar forsvarsmönnum stéttarfélaganna tilefni til launakrafna langt umfram sem þeir hafa í dag. Frumvarpið er mikið frekar ætlað til þess að ala á vandlætingu gagnvart starfsemi stéttarféлага. Það ber merki mikillar vanþekkingar flutningsmanna á starfsemi stéttarféлага og algjöru skilningsleysi á mismun lágmarkskjara, lágmarkslauna og kauptaxta, samfara mikilli forsjarhyggju og þörf að því virðist til þess að lítilsvirða kjörna forystu stéttarféлага og ekki síst þeirra einstaklinga sem eru í stjórnnum og trúnaðarráðum þeirra. Þess fólks sem síst á það skilið.

Reykjavík 4. desember 2012

Virðingarfyllt

Guðmundur Gunnarsson

Fyrirv. formaður Rafiðnaðarsamband Íslands